

AUGLÝSING

um friðlýsingu menningarminja.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 hefur forsætisráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa eftirtalið mannvirki:

Fríkirkjuvegur 11 í Reykjavík (fastanr. 200-6702). Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins og eftirtalinna byggingahluta innan dyra: Gólfs, veggjaglæðninga og lofts í anddyri 1. hæðar; veggjaglæðninga og lofta í viðhafnarstofu og borðsal á 1. hæð; upprunalegs viðargólfs í viðhafnarstofu á 1. hæð; lofta í hliðarsal, setustofu og veitingaherbergi á 1. hæð; veggjaglæðninga á gangi 1. og 2. hæðar með fyrirvara um afturkræfa breytingu á aðalstiga; snyrtiklefa á neðri hæð bakstigahúss og bakstiga.

Forsætisráðuneytinu, 12. maí 2015.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. júní 2015